

Greinargerð vegna endurnýjunar á rekstrarleyfi Arnarlax ehf. í Arnarfirði.

1. Almennt

Arnarlax ehf., kt. 580310-0600, Strandgötu 1, 465 Bíldudal, sótti um endurnýjun á rekstrarleyfi FE-1105 í Arnarfirði til að ala 10.000 tonna hámarkslífmassa af laxi, þann 14. mars 2025. Endurnýjunin snýr að heimildum í leyfi sem rekstraraðili hefur verið með frá árinu 2016. Frá því að leyfið var upphaflega gefið út hafa verið gerðar breytingar á því.

Arnarlax ehf. var með rekstrarleyfi gefið út af Fiskistofu 2012 á svæðunum Haganesi og Tjaldaneseyrum fyrir 3.000 tonna framleiðslu og einnig tvö 200 tonna leyfi í firðinum. Árið 2016 var Arnarlaxi veitt leyfi fyrir 10.000 tonnum á sex eldissvæðum í Arnarfirði að meðtöldum fyrrgreindum svæðum. Rekstrarleyfið frá árinu 2016 var unnið á grundvelli álits Skipulagsstofnunar á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar er í gildi fyrir eldið og gildir það til ársins 2032.

2. Álit Skipulagsstofnunar

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum lá fyrir í september árið 2015 fyrir 10.000 tonna eldi Arnarlax í Arnarfirði. Matvælastofnun vísar til þess að umhverfismat framkvæmdarinnar var unnið á grundvelli laga nr. 106/2000. Í 12. gr. þeirra laga er fjallað um endurskoðun matsskýrslu og vísað til að það sé gert hafi framkvæmdir ekki hafist innan 10 ára frá álit eða að Skipulagsstofnun meti það svo að endurskoða skuli matsskýrslu telji stofnunin að forsendur hafi breyst verulega frá því að álit lá fyrir. Framkvæmdir í samræmi við álit Skipulagsstofnunar hófust innan 10 ára frá álit Skipulagsstofnunar og hefur stofnunin ekki séð ástæðu til að endurskoða matsskýrslu frá þeim tíma. Í bráðabirgðaákvæða laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana segir „Í þeim tilvikum þegar umhverfismatsferli framkvæmdar sem fellur undir lög þessi er lokið við gildistöku laga þessara skulu ákvæði eldri laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, er lúta að leyfisveitingum vegna framkvæmdarinnar gilda. Matvælastofnun metur það samt sem áður svo að forsendur umhverfismatsskýrslu frá árinu 2015 hafi ekki breyst verulega frá því að álit lá fyrir vegna framkvæmdarinnar. Jafnframt metur Matvælastofnun það þannig að þar sem breytingar sem fjallað er um hér að neðan og metnar voru að hefðu ekki aukin umhverfisáhrif staðfesti þetta mat. Í matsferli slíkra breytinga eru áhrifin endurmetin miðað við breyttar forsendur og áhrif á helstu þætti. Rekstraraðili lagði jafnframt fram greinargerð þar sem fram kom að hann teldi að forsendur umhverfismats frá því árið 2015 hefðu ekki breyst verulega.

Breyting var gerð á starfsleyfi í september 2020 þar sem hvíldartími var stytur úr 6-8 mánuðum í 90 daga. Niðurstaðan Skipulagsstofnunar var sú að breytingin á svæðunum væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Við það mat var fjallað um ástand sjávar og botndýralífs og laxfiska. Við þetta mat telur Matvælastofnun að veigamiklir umhverfisþættir framkvæmdarinnar hafi verið endurmetnir. Ekki þurfi að fjalla sérstaklega um burðarþol og áhættumat erfðablöndunar þar sem mat fyrir fjörðinn er óbreytt.

Breyting var gerð á rekstar- og starfsleyfi í maí 2022 þar sem eldissvæði voru stækkuð. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú að breytingin á svæðunum væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Við það mat var fjallað um ástand sjávar og botndýralífs, laxalús og sjúkdóma, nytjastofna og siglingar. Við þetta mat telur Matvælastofnun að helstu umhverfisþættir framkvæmdarinnar hafi verið endurmetnir. Ekki þurfi að fjalla sérstaklega um burðarþol og áhættumat erfðablöndunar þar sem mat fyrir fjörðinn er óbreytt.

Rekstraraðili uppfyllir einnig þær skyldur sem snúa að honum er varðar sjúkdómstengda þætti sem kunna að fylgja starfsemi fiskeldisstöðva. Vísar stofnunin þar til reglugerðar nr. 462/2021 var innleidd með tilvísunaraðferð reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/691 frá 30. janúar 2020 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um lagareldisstöðvar og flutningsaðila fyrir lagardýr. Í 5. gr. reglugerðarinnar, sbr. b. liður 7. gr., kemur m.a. fram að lögbært yfirvald skuli einungis samþykka lagareldisstöðvar hafi rekstraraðilar þeirra þróað og skjalfest áætlun um smitvarnir (d. biosíkringsplan) sem uppfylli tilteknar kröfur, m.a. um að tilgreindar séu þær leiðir sem sjúkdómsvaldur geti komist eftir inn í lagareldisstöðina eða hóp lagareldisstöðva, dreifst innan hennar og borist frá henni út í umhverfið eða til annarra lagareldisstöðva, sbr. a. lið. Jafnframt að tekið sé tillit til sérkenna einstakra lagareldisstöðva eða hóps lagareldisstöðva og tilgreindar mildandi ráðstafanir fyrir hverja áhættu varðandi smitvarnir sem hefur greinst, sbr. b. lið. Að auki er vísað til þátta sem nánar koma fram í viðauka við reglugerðina. Sameiginleg smitvarnaráætlun rekstraraðila í Arnarfirði var samþykkt af sérgreinadýralækni fisksjúkdóma þann 3. desember 2025 og telst því fullnægjandi grundvöllur fyrir rekstri stöðvarinnar með tilliti til smitvarna. Smitvarnaráætlanir eru endurnýjaðar árlega og er slíkt endurnýjun í vinnslu hjá rekstraraðilum.

Aðrir þættir starfseminnar hafa ekki breyst frá því að framkvæmdin var metin árið 2015 og er þar vísað til áhrifa á samfélag.

3. Athugasemdir umsagnaraðila

Áður en tillaga að endurnýjun rekstrarleyfis Arnarlax ehf. var auglýst var kallað eftir umsögnum frá Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, Mílu og Landsneti vegna legu eldissvæða í Arnarfirði. Samkvæmt gildandi strandsvæðisskipulagi Vestfjarða þá er svæðið Tjaldaneseyrar á reit LV6 (lagnir og vegir) en einnig innan reits SN15 (staðbundin nýting) kennt við Hlaðbót-Tjaldaneseyrar ásamt því að ná inn á reit A4 (almenna nýtingu) í Arnarfirði. Í samræmi við ákvæði skipulagsins þá kallaði Matvælastofnun eftir álit Skipulagsstofnunar á þessu atriði ásamt því að kalla eftir umsögnum eigenda sæstrengja á eða við umrætt eldissvæði.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun - HMS

Matvælastofnun kallaði eftir umsögn Skipulagsstofnunar (nú HMS) 7. janúar 2026 um það hvernig starfsemin samræmdist strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Sérstaklega var vísað í eldissvæðið Tjaldaneseyrar í beiðninni þar sem það liggur inn á reit LV6 og jafnframt almenna nýtingu.

Umsögn Skipulagsstofnunar barst Matvælastofnun þann 23. janúar 2026. Niðurstaða Skipulagsstofnunar samkvæmt þeirri umsögn var að staðsetning kvía á eldissvæðinu sem tilgreind eru í leyfi frá 2016 væri ekki í samræmi við ákvæði strandsvæðisskipulagsins, þar sem að á reitunum Lagnir og vegir (LV) er ekki gert ráð fyrir starfsemi sem hefur áhrif á öryggi veitulagna (hér er vísað til eldissvæðisins Tjaldaneseyra). Upphaflegt rekstrarleyfi var gefið út áður en strandsvæðisskipulagið öðlaðist gildi og því þarf að endurskoða staðsetningu þessa leyfis m.t.t. staðfests strandsvæðisskipulags. Vísað er til þess að samkvæmt e-lið 3. mgr. 11. gr. a. í strandsvæðisskipulagsreglugerð nr. 330/2020, sem gildir um nýtingarflokkinn *Lagnir og vegi*, er ekki gert ráð fyrir fiskeldi, eins og heimilt er innan nýtingarflokksins *almenn nýting*, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum sbr. b-lið.

HMS sendi inn nýja umsögn þann 5. maí 2026, en á þeim tíma sem fyrri umsögn var send inn var svæðisráð vegna strandsvæðisskipulags ekki starfandi á Vestfjörðum. Í 2. mgr. 8. gr. lag nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða er tiltekið að „leiki vafi á því hvort tiltekin framkvæmd eða starfsemi samræmist gildandi strandsvæðisskipulagi skal leyfisveitandi leita ráðgefandi álits Skipulagsstofnunar áður en leyfi er veitt. Skipulagsstofnun getur einnig gefið slíkt ráðgefandi álit að eigin frumkvæði, telji hún tilefni til. Skipulagsstofnun getur óskað eftir umsögn viðkomandi svæðisráðs áður en hún veitir álit samkvæmt þessari málsgrein“.

Svæðisráð Vestfjarða tók til starfa þann 5. febrúar 2026 og fjallaði um endurnýjun á leyfi Arnarlax ehf. í Arnarfirði á fundum sínum 20. mars, 17. apríl og 28. apríl. Fjallaði svæðisráðið um LV reiti en í almennu ákvæði í e-lið 3. mgr. 11. gr. a. í strandsvæðisskipulagsreglugerð nr. 330/2020, „svæði þar sem gert er ráð fyrir veitulögnum og vegum. Ferðapjónusta, útivist og umferð skipa geta einnig átt við á þessum svæðum að teknu tilliti til þeirrar nýtingar sem tilgreind er í 1. ml.“. Ekki er minnst á að fiskeldi geti verið stundað á nýtingareitum LV líkt og tilgreint er sérstaklega í almennri nýtingu og staðbundinni nýtingu. Að mati svæðisráðs Vestfjarða kemur það ekki í veg fyrir að hægt sé að stunda fiskeldi á nýtingareitum LV þar sem að í 2. mgr. 11. gr. a. í reglugerð nr. 330/2022 um gerð strandsvæðisskipulags segir „Sé gert ráð fyrir nýtingu á skipulagsreit sem fellur undir fleiri en einn nýtingarflokk skal sá flokkur tiltekinn sem er ríkjandi en eðli og umfang annarrar nýtingar tilgreint í skipulagsákvæðum um viðkomandi skipulagsreit að teknu tilliti til nýtingar samkvæmt ríkjandi nýtingarflokki.“ Með því að setja sérstaklega inn ákvæði í skipulagsreitinn LV6 að fiskeldi sé stundað þar hafi það verið heimilað.

Í hvorugri umsögninni var fjallað um almenna nýtingu líkt og Matvælastofnun kallaði eftir. Eldissvæðið Tjaldaneseyrar nær einnig að hluta inn á nýtingareit almennrar nýtingar, þar sem lega botnfestinga liggur inná reit A4 (0.03% af reitnum). Hér er einnig um að ræða legu búnaðar sem hefur verið til staðar fyrir gildistöku strandsvæðisskipulags. Í strandsvæðisskipulagi er tekið fram að fiskeldi geti farið fram innan almennrar nýtingar að teknu tilliti til annarrar nýtingar og sérstaklega tekið fram að ankerislægi geti verið á svæðum fyrir almenna nýtingu. Það er mat Matvælastofnunar að ankerisfestingar sem liggja inn á reitinn hafi ekki áhrif á þá þætti sem taldir eru upp í 1-3. ml. b-liðar 3. mgr. 11. gr. í reglugerð nr. 330/2020 um gerð strandsvæðisskipulags þar sem búnaður er neðansjávar og hefur verið frá 2016 og ekki komið upp atvik sem gefa tilefni til áhrifa á umrædda þætti í ákvæði um almenna nýtingu. Kallað var eftir áliti HMS vegna þessarar legu inn á almenna nýtingu en ekki var fjallað um þann þátt í umsögn HMS, þar sem ekki var talin þörf á því þar sem hægt er að heimila eldi inn á almennri nýtingu. HMS hefur áður fjallað um aðstæður þar sem hluti búnaðar fellur fyrir utan reiti fyrir staðbundna nýtingu t.d. í umsögn vegna Seyðisfjarðar sem send var til Matvælastofnunar. Þar er vísað til þess að „í ljósi þess að svæðið sem um ræðir er í tengslum við reit í nýtingarflokki *staðbundin nýting* og staðsetning þannig að illa verði komið við siglingum og veiðum á svæðinu er ekki talið að staðbundin nýting á þessu svæði takmarki frekar aðgengi að mikilvægum veiðislóðum, hafi ekki frekari áhrif á siglingar eða rýri ekki frekar möguleika til útivistar og ferðapjónustu á svæðinu.“ Þetta á einnig við í þessu tilfalli eins og lýst hefur verið hér að framan og rétt er að vísa sérstaklega til banns við notkunar veiðarfæra og ankerisfestinga báta.

Svæðisráðið fjallaði einnig um 4. mgr. 86. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022 er snýr að banni við ankerum og botntengdum mannvirkjum innan helgunarsvæðis fjarskiptastrengja í sjó. Á fundi svæðisráðsins kom fram túlkun innviðaráðuneytis á því ákvæði. Túlkun innviðaráðuneytisins var á þá leið að ákvæðið feli ekki í sér beint bann við staðsetningu botnfestinga sjókvía innan helgunarsvæða fjarskiptastrengja.

HMS vísar í lokin til túlkunar innviðaráðuneytis og almenn ákvæði strandsvæðisskipulags um að öryggi fjarskipta sé í fyrirrúmi á reitnum, er þó áréttuð þörf á áhættumati og ábyrgð framkvæmdaraðila á að leggja fram gögn um að starfsemin hafi ekki áhrif á ásætlanlegt öryggis strengsins. Samkvæmt þeim gögnum sem Matvælastofnun hefur varðandi legu ankerja í nálægð við fjarskiptasteng Mílu þá hefur engin áhætta skapast á þeim árum sem eldið hefur verið á Tjaldaneseyrum.

Landsnet

Matvælastofnun kallaði eftir umsögn Landsnets þar sem eldissvæðið Tjaldaneseyrar liggur nálægt nýtingareit LV7 þar sem Landsnet er með fjarskiptastreng.

Landsnet sendi inn umsögn þar sem kallað var eftir því að það yrðu sett inn skilyrði í rekstrarleyfi er snéru að legu ankerisfestinga og að þær skildu vera í að lágmarki 200 m fjarlægð frá streng Mjólkárlnu þar sem hún liggur inn á reit LV6. Einnig að rekstraraðili yrði skyldaður til að styrktarprófa ankerisfestingar og haft verði samráð við Landsnet ef rekstraraðili hyggst gera breytingar á festingum og lagningu þeirra.

Matvælastofnun setur ekki inn skilyrði sem hún getur ekki haft eftirlit með og vísar til þess að Arnarlax ehf. vinni í samráði við Landsnet um þessi skilyrði. Landsnet hefur þá umsjón með að þau séu uppfyllt. Matvælastofnun leggur áherslu á að rekstraraðili verði í samráði við eigendur sæstrengja þegar kemur að uppsetningu og legu búnaðar.

Míla

Matvælastofnun kallaði eftir umsögn frá Mílu vegna eldissvæðisins Tjaldaneseyrar þar sem fjarskiptastrengur þess liggur í gegn um eldissvæðið á nýtingareit LV6. Vísaði Matvælastofnun til samþykkis milli Mílu og Arnarlax ehf. frá árinu 2016 vegna legu eldissvæðisins í nálægð við sæstreng Mílu.

Míla sendi inn umsögn þar sem vísað var til nógildandi lagaákvæðis í 4. mgr. 86. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2020. Samkvæmt ákvæðinu gildir bann við ankerum og botntengdum mannvirkjum innan helgunarsvæðis fjarskiptastrengja í sjó. Að mati Mílu gildir þetta bann ekki einungis um ankeri skipa heldur einnig um botnfestingar sjókvía og sambærilegan búnað. Verndarhagsmunir ákvæðisins eru þeir sömu, óháð heiti eða útfærslu búnaðar, enda snýr bannið að þeirri áhættu sem botntengdir hlutir geta haft í för með sér fyrir fjarskiptastrengi, rekstraröryggi þeirra og aðgengi að viðhaldi og viðgerðum.

Hvað varðar samþykki Mílu fyrir eldinu yfir sæstreng á reit LV6 þá vísaði Míla til þess að „það gæti ekki talist veita heimild til staðsetningar búnaðar eða botnfestinga innan helgunarsvæðis fjarskiptastrengja, né heldur takmarka réttindi eða skyldur Mílu samkvæmt lögum. Slík afstaða eða samskipti, hvort sem þau eru eldri eða nýrri, geta ekki gengið framur skýrum lagaákvæðum fjarskiptalaga.

Matvælastofnun bendir á að í 4. mgr. 86. gr. laga nr. 70/2020 um fjarskipti segir „bannað er að veiða með veiðarfærum sem fest eru í botni eða eru dregin eftir honum, svo sem netum, botnvörpum og þess háttar, á svæðum þar sem fjarskiptastrengir liggja“ og „þá er skipum einnig bannað að leggjast við ankeri innan sömu fjarlægða frá fjarskiptastrengjum“. Að mati Matvælastofnunar þá getur þetta ekki átt við um botnfestingar sjókvía þar sem þær flokkast ekki undir veiðarfæri og eru ekki á hreyfingu eftir að þær hafa verið settar niður og því ekki sambærilegar við ankeri skipa. Vert er að benda á umfjöllun varðandi reit LV6 hér að ofan um að í skipulagsákvæði er gert ráð fyrir eldi inn á honum en lög nr. 70/2020 um fjarskipti voru í gildi við gerð strandsvæðisskipulags. Einnig er vísað til umsagnar HMS og túlkunar innviðaráðuneytis á ákvæði fjarskiptalaga og fjallað er um hér að ofan.

Í 1. mgr. 86. gr. fyrrnefndra laga segir „ Þar sem fjarskiptavirki eru má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja lagnir, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum eða truflanir á rekstri þeirra nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samráð verið haft við eiganda fjarskiptavirkisins um tilhögun framkvæmdanna.“ Að mati Matvælastofnunar fór slíkt samráð fram að hálfu Arnarlax ehf. og fyrir liggur samþykki frá Mílu frá árinu 2016, sem hvorki hefur verið fellt úr gildi né endurskoðað.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma vegna tillögu að breytingu á rekstarleyfi

Tillaga að endurnýjun á rekstarleyfi var auglýst þann 18. mars 2026 og frestur til athugasemda gefinn til og með 16. apríl 2026. Endurnýjunin var unnin í samræmi við 14. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi.

Athugasemdir á auglýsingatíma bárust frá Landsneti, Mílu, Vesturbyggð, Icelandic Wildlife Fund og Vá – verndun fjarðar. Hér á eftir fylgir útdráttur úr athugasemdum ofangreindra aðila og viðbrögð Matvælastofnunar við þeim.

- **Umsögn barst frá Rut Kristinsdóttur þann 1. apríl fyrir hönd Landsnets. Um er að ræða ítrekun á sömu umsögn og þegar hafði verið send á Matvælastofnun og gert er grein fyrir hér að ofan í kafla 3.**

- *Matvælastofnun vísar til umfjöllunar að framan í kafla 3 er varðar umsögn Landsnets.*
- **Umsögn barst frá Ingu Helgu Halldórsdóttur þann 16. apríl fyrir hönd Mílu. Um var að ræða ítrekun á fyrri umsögn fyrirtækisins og gerð er grein fyrir hér að ofan í kafla 3. Til viðbótar komu einnig samskipti vegna samþykkis á legu ankera frá árinu 2015 á milli Mílu og Arnarlax ehf. Vísar Míla þar til þess að samþykki frá 2015 hafi snúist um allt aðra legu á ankerum en nú sé raunin.**
- *Matvælastofnun vísar til umfjöllunar í kafla 3 er snýr að umsögn Mílu. Í nýjum gögnum sem komu frá Mílu á auglýsingatíma gerir Míla grein fyrir því með hvaða hætti umrætt samþykki var veitt á sínum tíma (2015) fyrir legu ankera á eldissvæðinu Tjaldaneseyrum. Þar kemur fram að lega ankera hafi verið allt önnur en raunin er í dag. Matvælastofnun hefur fengið upplýsingar um samskipti milli Arnarlax og Mílu frá árunum 2019-2025 þar sem Arnarlax var að kalla eftir hnitum á sæstreng og sendir afstöðumyndir af legu búnaðar. Myndirnar sýna hvar sæstrengur liggur í nálægð við ankerisfestingar. Matvælastofnun telur að Mílu hafi átt að vera ljóst árið 2024 hvernig lega ankera var m.t.t sæstrengsins. Ekki voru gerðar athugasemdir við þá legu en eingöngu spurt hvort nokkuð væri verið að breyta legu ankera miðað við innsendar myndir og gott væri að mæla strenginn. Matvælastofnun leggur áherslu á að rekstraraðili vinni með eigendum sæstrengja í nálægð við eldissvæði ef gera á breytingar á legu búnaðar. Míla skilaði inn umsögn vegna áforma rekstraraðila um að stækka svæði í Arnarfirði og miðað við þá umsögn var Mílu ljóst hver lega ankera væri og í þeirri umsögn var lögð áhersla á að ekki yrði hreyft við núverandi legu ankera.*
- **Umsögn barst frá Gerði Björk Sveinsdóttur bæjarstjóra þann 16. apríl fyrir hönd Vesturbyggðar. Í umsögninni lagði Vesturbyggð áherslu á mikilvægi eldisins í sveitarfélaginu.**
- **Umsögn barst frá Jóni Kaldal þann 16. apríl fyrir hönd Icelandic Wildlife Fund (IWF).**
 - Gerð er athugasemd við að endurnýjunin muni valda auknum skaða á villta laxastofninum vegna erfðablöndunar.
 - Gerð er athugasemd við að útgáfa leyfisins á sínum tíma hafi verið brot á lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011.
 - Gerð er athugasemd við að eldissvæði ógni siglingaöryggi miðað við áhættumat siglinga sem gert hefur verið fyrir eldissvæði í firðinum.
 - Gerð er athugasemd við að stórstraumsfjara hafi ekki verið mæld og sjá megi á kortum að eldissvæði fari langt inn á netlög.
 - Gerð er athugasemd við að byggingarleyfi séu ekki til staðar.
 - Gerð er athugasemd við mikil áhrif, vegna aukinnar notkunar á skordýraeiturs og lyfja í eldinu, á lífverur bæði á botni og vatnssúlunni.
 - Gerð er athugasemd við að ekki hafi verið unnið áhættumat vegna lúsar líkt og nefnd benti á í kjölfar breytinga á lögum 2019. Hvatt er til að það verði gert og tekin verði upp framleiðslustýring byggð á því mati.
- *Matvælastofnun vísar til þess að um er að ræða endurnýjun á leyfi sem hefur verið í gild frá árinu 2016 og er í samræmi við gildandi áhættumat erfðablöndunar. Endurnýjunin mun því ekki auka við þau áhrif sem þegar eru þekkt af eldinu og metin voru á sínum tíma.*

Matvælastofnun vísar til starfsleyfis Umhverfis- og orkustofnunar er snýr að vatnamálum. Umhverfis- og orkustofnun sér um skilyrði er snúa að vatnshlotum og ekki hefur verið tekið fyrir útgáfu starfsleyfa til sjókvíaeldis á grundvelli fyrirspurnar ESA. Umhverfis- og orkustofnun gerði ekki athugasemdir við endurnýjun leyfisins á auglýsingatíma er snéri að vatnamálum. Einnig vísar Matvælastofnun til þessa að fyrir liggur burðarþolsmat fyrir Arnarfjörð þar sem ástand fjarðarins er metin meðal annars út frá lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

Matvælastofnun vísar til áhættumats siglinga sem fjallað er um í umsögn IWF. Þar er fjallað um mótvægisáðgerðir sem hægt er að grípa til, en ein slík er að þrengja vita í Arnarfirði. Sú mótvægisáðgerð hefur nú verið framkvæmd af Landhelgisgæslunni þannig að umrædd eldissvæði eru ekki lengur í hvítum ljósgeira samkvæmt minnisblaði frá Vegagerðinni dagsett 12. mars. Matvælastofnun leggur áherslu á að sjókvíaeldissvæði séu í samræmi við útgefið áhættumat siglinga fyrir Arnarfjörð.

Matvælastofnun vísar til gildandi strandvæðiskipulags er varðar netlög. Við gerð byggingarleyfis er horft til netlaga og því verða slík leyfi ekki gefin út nema að eldissvæði séu utan þeirra. Matvælastofnun vísar til þess að það er Húsnæðis, mannvirkja og skipulagsstofnun sem gefur út byggingarleyfi. Byggingarleyfi er ekki forsenda þess að rekstrarleyfi sé gefið út og hefur verið fjallað það í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 33/2024.

Matvælastofnun er sífellt að vinna að betri leiðum til að meta áhættu vegna lúsar og viðbrögð við henni. Á heimasíðu Matvælastofnunar hefur verið sett upp Mælaborð fiskeldis og hefur þar almenn upplýsingagjöf í fiskeldismálum aukist til muna. Þar er m.a. að finna upplýsingar úr eftirliti stofnunarinnar ásamt yfirliti yfir meðaltalsfjölda kvenlúsa á fiski. Markmið með Mælaborðinu er að auka gagnsæi í starfsemi atvinnugreinarinnar og veita almenningi og hagsmunaaðilum hagnýtar upplýsingar um starfsemina. Rekstraraðila ber að ver með vöktun vegna laxalúsar og mótvægisáðgerðir til að bregðast við í samræmi. Jafnframt ber rekstraraðila að vakta fjölda lúsa á villtum fiski komi smit í eldinu. Matvælastofnun telur að með þessum áðgerðum sé hægt að bregðast við áður en lúsasmit dreifist og með þeim hætti að draga úr þeim áhrifum sem smit kann að valda.

○ **Umsögn barst frá Magnúsi Guðmundssyni þann 16. apríl fyrir hönd VÁ-félags um verndun fjarðar (VÁ).**

-Gerð er athugasemd við að leyfið standist ekki almennar kröfur í rekstrarleyfum og geti ekki uppfyllt kröfur um markmið fiskeldis laga og annarra stjórnsýslulaga.

-Gerð er athugasemd við að svæðin séu í of lítilli fjarlægð frá árósum og of stutt sé á milli eldissvæða óskyldra aðila. Ekki liggja fyrir samstarfssamningur milli rekstraraðila á svæðinu vegna of lítilla fjarlægðarmarka.

-Gerð er athugasemd við að stækkun svæðanna sé ekki í samræmi við strandsvæðisskipulag Vestfjarða og hafi því ekki lagastoð.

-Gerð er athugasemd við að eldissvæði ógni siglingaöryggi miðað við áhættumat siglinga sem gert hefur verið fyrir eldissvæði í firðinum. Þrjú svæði séu innan hvíts ljósgeira í firðinum og brjóti því á vitalögum.

-Gerð er athugasemd við að stórstraumsfjara hafi ekki verið mæld og á kortum megi sjá að eldissvæði fari inn á netlög landeigenda.

-Gerð er athugasemd við að ekki liggja fyrir byggingarleyfi og slíkt verði ekki gefið út þar sem eldissvæði séu inn á hvítum ljósgeira.

-Gerð er athugasemd við að ríkið hafi ekki svarað fyrirspurn ESA er snýr að vatnshlotum og því beri að hafna umsókn meðan niðurstaða liggur ekki fyrir.

-Gerð er athugasemd við að rekstrarleyfið samrýmist ekki ýmsum kröfum 10. gr. fiskeldis laga.

-Þá er þess krafist að rekstrarleyfið verði ekki endurnýjað í núverandi mynd né með stækkun eldissvæða.

- **Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög nr. 71/2008 um fiskeldi og reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi. Að öðru leyti getur stofnunin ekki svarað til hvers er verið að vísa þar sem athugasemdin er mjög almenn og ekki vísað í sérstök atriði því til stuðnings.**

Matvælastofnun vísar til þessa að fyrir liggur samþykki milli rekstraraðila í Arnarfirði vegna eldisins og jafnframt sameiginleg smitvarnaráætlun á milli þeirra aðila. Fjallað hefur verið um stofna villtra laxfiska og sjálfbæra nýtingu í úrskurði nr. 37/2022 hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Matvælastofnun vísar til þess að hér er um að ræða endurnýjun á núverandi leyfi, hér er ekki verið að stækka svæði. Það er önnur framkvæmd sem er í umhverfismatsferli hjá HMS.

Matvælastofnun vísar til áhættumats siglinga. Þar er fjallað um mótvægisáðgerðir sem hægt er að grípa til, en ein slík er að þrengja vita í Arnarfirði. Sú mótvægisáðgerð hefur nú verið framkvæmd af Landhelgisgæslunni þannig að umrædd eldissvæði eru ekki lengur í hvítum ljósgeira. Að örðu leyti vísar stofnunin til þess að rekstraraðila ber að fara eftir útgefnu áhættumati siglina.

Matvælastofnun vísar til gildandi strandvæðiskipulags er varðar netlög. Við gerð byggingarleyfis er horft til netlaga og því verða slík leyfi ekki gefin út nema að eldissvæði séu utan þeirra. Matvælastofnun vísar til þess að það er Húsnæðis, mannvirkja og skipulagsstofnun sem gefur út byggingarleyfi. Byggingarleyfi er ekki forsenda þess að rekstrarleyfi sé gefið út og hefur verið fjallað um það í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr.33/2024.

Matvælastofnun vísar til starfsleyfis Umhverfis- og orkustofnunar er snýr að vatnamálum. Umhverfis- og orkustofnun sér um skilyrði er snúa að vatnshlotum, ekki hefur verið tekið fyrir útgáfu starfsleyfa til sjókvíaldís á grundvelli fyrirspurnar ESA. Umhverfis- og orkustofnun gerði ekki athugasemdir við endurnýjun leyfisins á auglýsingatíma er snéri að vatnamálum.

Matvælastofnun metur það svo að rekstraraðili uppfylli þau skilyrði sem fjallað er um í 10. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Með því að auglýsa tillögu að endurnýjun er stofnunin jafnframt að kalla eftir athugasemdum sem brugðist verður við ef stofnunin metur það þannig að þess sé þörf. Ekki er vísað til sérstakra atriða sem umsagnaraðili vísar til og því er ekki ljóst hvort um er að ræða einstök atriði.

Matvælastofnun vísar til þess að stofnuninni er falið það hlutverka að annast útgáfu á rekstrarleyfum til fiskeldis í samræmi við lög og reglugerðir.

5. Aðrar leyfisveitingar

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf rekstrarleyfi Matvælastofnunar og starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar, sbr. 1. mgr. 4. gr. b. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Ekki var þörf á vinnu að samræmingu rekstrarleyfis og starfsleyfis hjá stofnununum sbr. lög nr. 71/2008 um fiskeldi og lög nr. 71/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem starfsleyfi fyrir starfseminu er í gildi til 2032.

Starfsemin þarfnast einnig byggingarleyfis frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vegna sjókvía.

6. Forsendur útgáfu

Matvælastofnun telur, að undangenginni ítarlegri yfirferð á fyrirliggjandi gögnum, að skilyrði til endurnýjunar séu uppfyllt og telur að lögmætur grundvöllur sé til endurnýjunar á rekstrarleyfi FE-1105. Endurnýjunin er í samræmi við gildandi burðarþolsmat, áhættumat erfðablöndunar og strandsvæðisskipulag Vestfjarða. Að öðru leyti en framan greinir vísast til greinargerða með eldri útgáfum.

7. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um að endurnýja rekstrarleyfi FE-1105 Arnarlax ehf. í Arnarfirði.

Endurnýjunin á rekstrarleyfinu tekur þegar gildi, og gildir leyfið til 6.maí 2042.

Starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar er í gildi og því afhendir Matvælastofnun rekstraraðila eingöngu rekstrarleyfi.

Akureyri, 06.05.2026